

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Vini Kenía.

### 1. gr.

#### *Nafn, heimili og varnarþing.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Vinir Kenía og er heimili hennar og varnarþing í Reykjavík. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Stofnendur og stofnfé.*

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru: Þórir Gunnarsson, kt. 310762-7849 og Kjartan Jónsson, kt. 020560-3639.

Stofnfé Vina Kenía er kr. 1.109.002 sem lagt er fram af stofnendum, þeim Þóri Gunnarssyni, kt. 310762-7849 og Kjartani Jónssyni, kt. 020560-3639.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið Vina Kenía er að styrkja samvinnuverkefni í Kenía, en þau felast í því að skipuleggja sjálfbóðaliðastarf og hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft með fjárstuðningi og ýmiss konar þjálfun og kennslu. Vinir Kenía styðja þessa starfsemi með því að safna fé til stuðnings ýmsum verkefnum, s.s. herferðum gegn malariu, aðstoð við munaðarleysingja o.fl. auk þess að aðstoða við ferðir sjálfbóðaliða.

Það er markmið Vina Kenía að vinna að verkefnum í Kenía í gegnum tengslanet sjálfbóðaliða, International Humanist Alliance, til þess að tryggja að samstarfsaðilar Vina Kenía vinni sjálfbóðaliðastörf sín af sömu hugsjón og Vinir Kenía á Íslandi.

### 4. gr.

#### *Stjórn félagsins.*

Í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar sitja fimm stjórnarmenn, sem kjörnir eru á aðalfundi skv. 5. gr. Formaður skal kjörinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum og velja varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar fer með ædsta vald í málefnum hennar. Formaður Vina Kenía kemur fram fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar og er forsvarsmaður hennar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari skal færa fundargerðir allra funda stjórnar og varðveita þær og þau skjöl og gögn sem sjálfseignarstofnuninni berast.

### 5. gr.

#### *Aðalfundur Vina Kenía.*

Aðalfundur Vina Kenía skal haldinn í febrúar ár hvert. Dagskrá aðalfundar skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum sjálfseignarstofnunarinnar. Boða skal til aðalfundar á tryggilegan hátt með tilkynningu til allra þeirra sem rétt eiga til setu, með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara.

Aðalfundur sjálfseignarstofnunarinnar er opinn öllum þeim einstaklingum sem taka þátt í starfsemi Vina Kenía með fjár- eða vinnuframlagi á árinu fyrir aðalfund. Sérhver löglegur fundargestur hefur eitt atkvæði.

Ef fram eru settar efasemdir um hvort einstaklingar sem mættir eru til aðalfundar eða auka-aðalfundar teljast lögmetir á fundinum og ekki tekst að eyða þeim efasemdum á fundinum, skulu eingöngu þeir styrktarforeldrar barna sem greitt hafa til félagsins síðastliðna 12 mánuði hafa atkvæðisrétt í kosningum á aðalfundi.

## 6. gr.

*Óháð skoðun á reikningum Vina Kenía.*

Reikningar Vina Kenía skulu skoðaðir og áritaðir af óháðum skoðunarmanni og/eða löggiltum endurskoðanda sem kjörinn hefur verið á aðalfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Skoðunarmann eða löggiltan endurskoðanda má ekki velja úr hópi stjórnarmanna sjálfseignarstofnunarinnar eða einstaklinga nákomna þeim.

## 7. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið, að undanskildu fyrsta starfsári, en þá er það frá stofnun stofnunarinnar fram til loka sama árs.

## 8. gr.

*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjálfseignarstofnunina annarri stofnun eða félagi eða leggja hana niður þarf samþykki stjórnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Verði slit sjálfseignarstofnunarinnar samþykkt skal stjórn jafnframt ákveða á hvern hátt verði farið með eignir sjálfseignarstofnunarinnar og skuldir. Skal miða við að láta eignir renna til aðila, sem starfar að sömu eða svipuðum markmiðum og sjálfseignarstofnunin.

## 9. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari sem og á breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 18. desember 2012.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Björn Ingi Óskarsson.*